

ar við barna hæfi og verða því hiklaust vinsælar meðal barnanna.

*Barnabók Ungra Íslands IV.* Háfnarf. 1908. 64 bls. 8vo.

Í hefti þessu er úrval af sögum og kvæðum Jónasar Hallgrímssonar, en eins og geta má nærri, er eigi nema fátt eitt af ljóðum skáldsninglingsins í svo litlu riti. En það er vel valið, og bókinn ágæt barnabók, er mælir best með sér sjálf.

*Sumargjöf IV. ár.* Útgefendur: Bjarni Jónsson frá Vogum og Einar Guunarsson cand. phil. Rv. 1908. 77 bls. 8vo.

Sumargjöf þeirra Bjarna og Einars er fjölskrúðug að efni, og hafa margir lagt þar orð í belg., 15 rithöfundar alls, og um margs konar efni. Mest eru það skáldin er þar rita, og láta þau óspart fljúga í kveðlingum, og eru margir þeirra góðir. Á meðal höfundanna má telja Sigurð Jónsson á Arnarvatni, Huldu, Andrés Björnsson, Jónas Guðlaugsson og Þorgils gjallanda. Fremst í bókinni er nýtt lag eftir Kristján Kristjánsson héraðslæknir á Seyðisfirði við »Yfir kaldan eyðisand«, og síðast í bókinni er skemtileg og gagnorð lýsing á Vestmanneyum eftir Helga Jónsson grasafraðing. Framan við bókina eru myndir af 9 íslenskum skáldum, þeim Helga Hálfánarsyni, Stgr. Thorsteinsson, Matth. Jochumssyni, Kristj. Jónssyni, Vald. Briem, Jóni Ólafssyni, Indriða Einarssyni, Gesti Pálssyni og Þorst. Erlingssyni. Bókin er eiguleg í alla staði.

## Hvað er að fréttu?

**Tíu ára minningar-hátíð** hélt unglingsátúkan »Svava« nr. 23 hinn 4. þ. m. Bræðurnir Árne Jónhannsson, Jón Helgason og Jón Arnason fluttu ræður. Ýmislegt fleira var þar til skemtunar, svo sem samspil á fiðlu og harmonium, söngur upplestur, glímur o. fl. Eftirfarandi kvæði var ort fyrir hátíðina:

Að taka snemma beina braut  
að björtu' og fögru miði,  
það gefur seinna þrek í þraut  
og þrótt með hjartans friði.  
Á vorin, þegar vel er sáð,  
þá vaxa' að sumri blómin.  
Er æskan vex að vizku' og náð,  
þá veitist elli sóminn.

Nú horfum vér á beina braut,  
að baki árin tíu;  
á frækorn góð, er féllu' í skaut  
og fengu ljós og hlýju;  
hér vaxa þau í vermireit  
er vetrar kyljan nærir,  
unz lýsir sumar-sólin heit,  
er sannan þroska glæðir.

Vor stúka kær, nú stigum vjer  
á stokk að fornum síði  
og strengjum heit til styrktar þér,  
að starfa og safna líði;  
að halda fast og fara beint  
und félagsmerki björtu  
og trú þér reynast ljóst og leynt,  
svo lýsi barna hjörtu.

**Maunalát.** Á Sunnudaginn var andaðist str. Kristjana Jónsdóttir kona br. Helga Sveinssonar bankastjóra á Ísafirði úr lungnabólgu. Var mjög svíplegt um lát hennar, og kom þar á óvart hinum mörgu vinum hinnar látnu, því þótt hún hefði verið lasin áður, þá var hún sögð á góðum batavegi, en henni sló niður aftur. Str. Kristjana var dóttir Jóns sál. Sigurðssonar á Gautlöndum og alsystir br. Kristjáns Jónssonar háyfirdómara og þeirra systkina. Hún var frammúrskarandi vinsæl kona, og heimili þeirra víðfrægt fyrir gestrisni sína og góðar viðtökur. Og fyrir Regluna og stúku sína á Ísafirði starfaði hún mjög mikið, enda var hún, eins og hún átti kyn til að rekja, mjög starfsfær og hafði óbilandi starfsþol. Reglan hefir því mist mikið, og má sakna hennar sárt. Þau hjónin áttu átta börn, sem öll eru í ómegð.

**Verðandi nr. 9** ætlar að halda afmæli sitt, eða ef til vill réttara að orði komist, árhátíð sína, á þriðjudaginn kemur. Verður þar margt til fagnaðar, og fá allir meðlimir ókeypis aðgöngumiða hjá fjármálaritara stúkunnar br. Ólafi Rósenkrans á Mánudaginn og Þriðjudaginn kemur. Í forstöðunefnd fyrir afmælinu eru bræðurnir Sighvatur Brynjólfsson steinsmiður, Halldór Jónsson bankaféhirðir og Pétur Zóphóniasson og systurnar frú Ástríður Petersen og ungrú Gunnþórunn Halldórsdóttir.

**Forstöðumaður** stjórnarnefndar Haldsveikráspítalans í Laugarnesi er skipaður Klemens Jónsson landritari í stað Júlíusar Havsteens amtmanns er hefir sagt af sér starfinu.

**Gamlir peningar** fundust í haust í Geldingaholti í Skagafríði, Elsti peningurinn er þýskur og frá árinu 1588. Alls eru þeir 41 talsins.

**Stúkan Víkingur** nr. 104 hélt fjöggra ára afmæli sitt 8. þ. m. í Bárúhúsinu. Br. Einar Þorsteiússon setti hátíðina og las upp svohljóðandi símskeyti er stúkunnar hafði borist.

»Stúkan Víkingur nr. 104 Bárubúð, Reykjavík.

Þökk fyrir umliðna starfsemi. Heill, blessun og sigur fylgi framtíð þinni

Skjaldbreið nr. 117».

Þá flutti br. Ólafur Kristófersson minni Íslands og br. Jón Jónsson minni stúkunnar. Br. Ólafur prestur Ólafsson flutti ræðu fyrir minni Reglunnar. — Þá varð alment málfrelsi er þeir notuðu sér br. Guðm. Magnússon og Indriði Einarsson. Str. Stefania Guðmundsdóttir las upp kvæði er heitir »Huldukonan á Meyarnúpi«, og var hinn besti rómur gerður að því, enda les str. Stefania vel upp. Br. Einar Indriðason söng tvo einsöngva, og Friðfinnur Guðjónsson lék »Eintal fiðluleikarans« og þótti mönnum hvortvegja góð skemtun. — Dansað var auðvitað á eftir.

J. Kr. —

**Lausn trá emboetti** hefir Marino Hafstein sýslumaður í Strandasýslu fengið frá 1. Apríl næstkomandi, og er sýslan auglýst laus.

**Íbúar** á Ísafirði voru 1802 við manntal er þar fór fram í haust. Í fyrra voru þeir 1650 en árið þar áður 1600. Íbúðarhús eru þar nú 144, í fyrra voru þau 138 en í hiðefryrri 131. Vestri segir að margir er hafi ætlað til bæarins hafi orðið að hætta við það vegna húsnæðisleysis.

**Trúlofuð** eru Jón Kristjánsson nuddlæknir og ungrú Emilia Sighvatsdóttir (bankastjóra).

**Um 100 hestar** hafa, að því er Vestri skýrir frá verið fluttir frá Íslandi til Danmerkur, og fer álit íslenskra hesta þar vaxandi.

**Hukaútsvör** á Ísafirði nema í haust um 16000 kr. en 1907 voru þau 11300 kr. og 1906 voru þau 8000 kr. Hafa hækkað um helming á tveimur árum og stafar það af barnaskólanum.

**Örveðrið** er var 14. f. m. hefir víða gert skaða. Í því fórst Breiðáflóabáturinn Geraldine er getið var í síðasta blaði og þar drukuðu þrjú menn.

Í sama veðrinu strandaði botnvörpuskip hjá Miðvík (i Aðalvík) á Ströndum. Um morguninn er menn komu til sjávar sáu menn skipið, og voru þá þrjú menn lifandi um borð en ómögulegt

var að bjarga þeim, og skipið var svo sokkið, að eigi var unt að sjá nafn skipsins.

Á öðru botnvörpuskipi tók út tvo mennina, en skipverjar náðu þeim lifandi úr greipum sjávarins. Fjórtn botnvörpuskip flýðu inn á Þingeyri, og eitt skip rakst þar á bryggjuna og skemdist talsvert.

Kirkjan á Reykjum í Ölfusi fauk og nam staðar í einu kirkjugarðshorninu.

Mesti hluti fjár bóndans Einars Gottsveinssonar á Hjarðarnesi á Kjalarnesi hrakti í sjóinn og víðar hrakti nokkrar kindur í sjó t. d. í Gröf hjá Birni hreppstjóra Bjarnarsyni.

Bátar stórskemdu víða eða þá mölbrotnuðu. Á Ísafirði brotnuðu margir bátar, og á Mýrum sleit upp vélarbát er þændur þar keyptu í vor, og mölbrotnaði báturinn.

Skaðinn víst mikið meiri en til er frétt enn.

**Samsæti** var haldið hér í Góðtemplarahúsinu 7. þ. m. í tilefni af atkvæðagreiðslunni um aðflutningsbannið og voru þar viðstaddir yfir 100 templarar, auk framkvæmdarnefndar stórstúkunnar er þangað hafði verið boðið. Br. Jóhann Jóhannesson hafði gengist fyrir þessum fagnaði og bauð hann framkvæmdarnefndina velkomna. Br. Árni Gíslason leturgrafari mælti fyrir minni stórtemplars og séra Friðrik Friðriksson fyrir minni framkvæmdarnefndarinnar. Br. Indriði Einarsson talaði fyrir minni Sigurðar Eiríkssonar og br. Halldór Jónsson fyrir minni kvenna. Br. Þórður J. Thoroddsen þakkaði og br. Pétur Zóphóniasson talaði fyrir minni Jóhanns Jóhannessonar. Str. Kristín Simonarson talaði um kvenfrelsi og br. Jón Þórðarson flutti langt erindi um »Hotel Ísland«. Br. Sig. Eiríksson þakkaði fyrir sig. Br. Indriði Einarsson skýrði þeim frá því, hvernig hagað mundi hátíðahaldinu 10. Jan. næstk. — Br. Borgþór Jósefsson mintist þriggja elstu félaga Reglunnar: br. Friðbjarnar Steinssonar, br. Ólafs Rósenkrans og str. Þorbjargar Hafliðadóttir. — Að síðustu töluðu þeir br. Jóhann Jóhannesson og br. Pétur Zóphóniasson nokkur orð. Samsætið fór vel fram. — J.

## Vinnautn

### mikilmenna.

Skáldum og öðrum stórfeldum andans mönnum er oft hættara til drykkjufýsnar en öðrum. Og hafa slíkir menn oft við miklu meira að stríða í þeim efnum en almenningur gerir sér í hugarlund. Veltur þá á ýmsu, annaðhvort að þeir sigra vínfýsnina eða vínfýsnin sigrar þá. — Skal eg leyfa mér að tilfæra dæmi nokkurra stórmenna, auk þeirra sem eg hefi áður getið, er illa hafa verið leiknir af hendi vinnautnarinnar:

**Marlowe**, enskt stórskáld, hefði eflaust átt mikla og mjög glæsilega framtíð fyrir höndum; og er honum jafnað til stærstu skálda heimsins. En vegna ofdrykkju lifði hann alla tíð í basli miklu; og var loks rekinn í gegn fullur í áflogum 29 ára að aldri.

**Byron lávarður**, hið heimsfræga enska stórskáld, var drykkjumaður frá unglingsaldri. Og komst hann þá þegar í svo miklar skuldir fyrir fyllir og aðra óreglu, að þegar hann var um tvítugt námu skuldir hans hér um bil 200 þúsundum króna í vorri mynt. Var þá nokkru seinna gengið að honum; og varð hann þá að selja hið ágæta bókasafn sitt og annað hið dýrmætasta af eigum sínum, — fyrir Baccus